

**Snjóalög á Hofsjökli og Þrándarjökli vorið
1998**

Oddur Sigurðsson

Greinargerð OSig-98-03

1998-7-6

Snjóalög á Hofsjökli og Þrándarjökli vorið 1998

Vorið 1998 var ákoma mæld á Þrándarjökli dagan 2. og 3. maí og á Hofsjökli 12.-20. maí. Á Hofsjökli var ákoma með því minnsta sem hefur mælst en samfelldar mælingar hafa staðið á þar síðan 1988. Á Þrándarjökli er snjór ekki fjærri meðallagi síðan 1991 þegar mælingar hófust þar.

Hér fara á eftir nokkrar mældar stærðir og samanburður við fyrri ár. Mæling á úrkomu á toppi Hofsjökuls undanfarin 10 ár gefur eftirfarandi töflu:

Ár	Úrkoma mm
1988	2790
1989	3720
1990	2320
1991	3320
1992	4130
1993	3740
1994	3420
1995	2710
1996	3020
1997	2710
1998	2450

Þetta sýnir að aðeins einu sinni hefur snjór mælst minni efst á Hofsjökli síðan 1988. Lætur nærri að þessar tölur endurspeglí almennt snjóalög á jöklinum en þó virðist 1990 hafa vinninginn yfir 1998 víðast hvar annars staðar en á toppi jökulsins.

Í eftirfarandi töflu sést samanburður á meðal snjóþykkt í cm á leysingarsvæði á völdum línum á Sátujökli norðan í Hofsjökli (900-1200 m y.s.), Þjórsárjökli austan í Hofsjökli (800-1000 m y.s.) og Þrándarjökli á Hraunum á Austfjarðahálendinu (900-1200 m y.s.) á síðustu 4 árum. Í hverri línu eru 9-16 mælipunktur.

Ár	Sátujökull	Þjórsárjökull	Þrándarjökull
1995	217	260	297
1996	160	212	468
1997	164	190	263
1998	132	147	371

Hér sést að snjór er mjög lítil á Hofsjökli miðað við undanfarin ár en breytileikinn fyrir austan er miklu meiri og síðastliðinn vetur var ekki svo snjórýr er kom upp fyrir 800 m y.s.

MÁ EKKI FJARLÆGJA